

Gæðastefna Isavia ohf.

1. Tilgangur og umfang

Skilgreining stefnu Isavia í gæðamálum

2. Stefna

Isavia leggur áherslu á að gæði og áreiðanleiki þjónustu þess grundvallist á öryggi og að uppfylla væntingar viðskiptavina fyrirtækisins.

3. Markmið

Isavia vinnur með virkum og skipulögðum hætti að eftirfarandi:

- Starfsemin uppfylli alla staðla og gildandi kröfur.
- Vinna kerfisbundið með skýrum og skjalfestum hætti að því að auka gæði og skilvirkni þjónustunnar.
- Nota formleg gæðakerfi svo sem ISO 9001 eftir því sem við á og bæta stöðugt virkni gæðastjórnunarkerfisins.
- Veita þjónustu sína á opinn og gagnsæjan hátt m.a. með reglubundnu, formlegu samráðsferli með viðskiptavinum.
- Ábyrgð starfsmanna og starfsskyldur séu skilgreindar og uppfylltar.
- Tryggja að starfsmenn séu vel hæfir til sinna verka.
- Svið félagsins setji sér viðeigandi gæðamælikvarða.

4. Annað

Stefnan skal kynnt fyrir starfsfólki og vera aðgengileg á innra neti félagsins.

Stefna þessi er í gildi og ber framkvæmdastjóri ábyrgð á framfylgd hennar.

Þannig samþykkt af forstjóra Isavia hinn 28. maí 2015.